



4. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 24. nóvember 2020.

Fundurinn var haldinn rafrænn kl. 20.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Lára Berglind Helgadóttir (LBH), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), og Reynir Ingi Árnason (RIÁ).

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Íþróttamaður ársins

Viðburðurinn verður óhefðbundinn á þessu ári vegna Covid 19. Hugmynd að hafa viðburðinn rafrænan og verður útfært nánar á næstu vikum. Stefnt að því að halda viðburðinn 30. desember að öllu óbreyttu.

Búið er að kalla inn bikara og óska eftir tilnefningum. Nefndin mun hittast um miðjan desember til að fara yfir tilnefningarnar og velja sigurvegara.

2. Fjármál deilda

Sigurður Rúnar og Kristrún fóru yfir stöðu fjármála deildanna. Flestar deildir eru í ágætis málum en fylgjast þarf vel með nokkrum. Næsta ár gæti reynst erfitt fyrir sumar deildir sökum Covid 19.

3. Skráningar

Íþróttahreyfingin á Íslandi hefur áhyggjur af skráningum iðkenda. Fjöldi iðkenda hjá Aftureldingu hefur ekki minnkað eins mikið og talið var í fyrstu, en er þó niður 2-3% til samanburðar við 2019. 50 skráningar í knattspyrnu bárust á síðustu vikum þegar æfingar hófust að nýju. Handboltinn á undir högg að sækja, einnig á landsvísu og hefur HSÍ gefið út að farið verður í átak í að kynna íþróttina á nýju ári.

Starfsfólk skrifstofunnar hefur áhyggjur af sjálfbóðaliðum. Lítið heyrst frá þeim undanfarið og skrifast að miklu leyti á faraldurinn. Farið verður í þá vinnu að gera eitthvað fyrir þá.

4. Flutningur skrifstofu

Áætlaður flutningar í nýja skrifstofurými Aftureldingar verður í byrjun desember. Verður góð aðstaða fyrir þjálfara og sjálfbóðaliða til að hittast og funda. Starfsfólk skrifstofunnar er á fullu að fara yfir gamalt dót, flokka og henda.

5. Aukaaðalfundur knattspyrnudeildarinnar

Knattspyrnudeildin óskaði eftir því í vor að halda aukaaðalfund að hausti og verður hann haldinn í byrjun desember.

6. Fréttir frá Mosfellsbæ

Aðalstjórn hefur verið boðuð á fund með íþrótt- og tómsfundanefnd Mosfellsbæjar í byrjun desember þar sem Afturelding mun kynna starf Aftureldingar og hvað sé framundan hjá Aftureldingu.

Fundi slitið kl.21:20

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.